


Þróun áfengisneyslu á Íslandi


Margrét Valdimarsdóttir, Rafn M. Jónsson og Stefán Hrafn Jónsson

Inngangur


Þar sem mikil áfengisneysla getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu fólks og samfélagið í heild er mikilvægt að fylgjast með þróun áfengisdrykkju þjóðarinnar. Hér eru teknar saman upplýsingar um þróun áfengisdrykkju á Íslandi frá því á áttunda áratugnum. Notaðar eru annars vegar upplýsingar Hagstofu Íslands um selda alkohólítra á hvern íbúa frá og með árinu 1980 og hins vegar gögn úr nokkrum spurningakönnunum frá og með árinu 1974.



Mynd 1. Seldir alcohóllítrar á hvern íbúa 15 ára og eldri, frá 1980 til 2007. Skipt upp eftir tegund.



Mynd 2. Hlutfall karla sem drekka áfengi vikulega eða oftar



Mynd 3. Hlutfall kvenna sem drekka áfengi vikulega eða oftar


Niðurstöður

Á mynd 1 sést að heildaráfengisneysla Íslendinga hefur aukist töluvert frá árinu 1980. Árið 1980 voru seldir alkohólítrar rúmlega 4 lítrar á hvern íbúa en 7,5 árið 2007. Sala bjórs var löggleidd á Íslandi 1. mars 1989 og eftir það hafa seldir alkohólítrar úr sterku áfengi farið minnkandi en heildarsala alkohólítra aukist.

Myndir 2 og 3 birta prósentuhlutfall Íslendinga sem drekka áfengi vikulega eða oftar, skipt upp eftir kyni og aldurshópi. Eins og kemur skýrt fram á myndunum hefur hlutfall þeirra sem drekka vikulega eða oftar aukist mikið á undanföllum árum. T.d. drukku 9,5% karla á aldrinum 56-60 ára áfengi vikulega eða oftar árið 1984 en árið 2007 var talan komin í rúmlega 46%. Svipuð þróun hefur átt sér stað hjá körlum og konum og öllum aldurshópum. Hlutfallslega fleiri karlar en konur drekka vikulega eða oftar.

Að lokum sýna myndir 4 og 5 hlutfall Íslendinga sem ekki neytir áfengis, en sá hópur hefur farið minnkandi undanfarið. Meiri fækkun varð hjá konum sem ekki neyta áfengis en hjá körlum. Til að mynda drukku tæplega 32% kvenna í aldurshópnum 31-50 ára aldrei áfengi árið 1974 en það hlutfall var komið niður í rúmlega 6% árið 2007.

Aukin áfengisneysla síðustu ára er að stórum hluta vegna aukinnar neyslu á bjór. Íslenskir karlmenn eru að jafnaði að drekka áfengi mun oftar en áður og stærrí hluti kvenna drekka nú áfengi en áður.




Mynd 4. Hlutfall karla sem drekka aldrei áfengi (a.m.k. ekki síðustu 12 mán.)

Gögn

Á mynd 1 eru notaðar hagtölur frá Hagstofu Íslands en upplýsingar Hagstofunnar koma frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Gögnin sem notuð eru á myndum 2 til 5 byggja á spurningalistakönnunum sem hafa verið lagðar fyrir tilviljunarúrtök Íslendinga á landinu öllu á árunum 1974, 1984, 1988, 1992, 2001, 2004 og 2007. Aldur er nokkuð mismunandi milli úrtaka en hér eru einungis notaðar upplýsingar um fólk á aldrinum 20 til 60 ára þannig að hægt sé að gera samanburð. Árið 1974 náði könnunin þó aðeins til Íslendinga frá 20 til 50 ára. Allar kannanirnar eru póstkannanir nema sú sem lögð var fyrir árið 2004 sem var símakönnun. Árið 2001 fékk helmingur úrtaksins póstkönnun en hinn helmingurinn símakönnun. Þar sem hlutfallstölur byggja á misstórum úrtökum (frá 740 til 5641, sem skiptist á milli aldersflokka og kyns) ber að túlka breytingar með varúð. Úrtaksvillur geta komið fram sem óvenjumiklar sveiflur á milli ára. Svarhlutfall var frá 54% (2001) til 80% (1974).

Unnið er úr gögnum frá árunum 1974-1992 með góðfúslegu leyfi Tómasar Helgasonar, sem stóð fyrir gagnasöfnun í samstarfi við Hildigunni Ólafsdóttur og ýmsa aðra sérfræðinga.



Mynd 5. Hlutfall kvenna sem drekka aldrei áfengi (a.m.k. ekki síðustu 12 mán.)